

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ferðakostnað og dagpeninga ráðherra.

1. Hver er frá og með árinu 2018 árlegur fjöldi ferða ráðherra til útlanda vegna starfa á vegum ráðuneytis?
2. Hve háar voru árlegar greiðslur dagpeninga vegna þessara ferða?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda ferða ráðherra til útlanda vegna starfa á vegum ráðuneytisins á tímabilinu og árlegar greiðslur dagpeninga vegna þeirra:

Ár	Upphæð dagpeninga	Fjöldi ferða
2018	613.549	10
2019	823.664	11
2020	39.485	1
2021	226.165	3
2022	615.747	11

3. Hversu oft á hverju ári fékk ráðherra $\frac{1}{3}$ hluta dagpeninga og hve oft $\frac{2}{3}$ hluta?

Þann 25. ágúst 2020 tóku gildi nýjar reglur um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra. Reglurnar voru endurskoðaðar 13. ágúst 2021. Samkvæmt þeim skulu ráðherrum vegna ferðalaga erlendis nú greiddir fullir dagpeningar vegna fæðis og annars kostnaðar, þ.e. daghluta eins og gildir um aðra starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður. Í eldri reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 1/2009, var kveðið á um að ráðherrum og forseta Hæstaréttar skyldu greiddir $\frac{2}{3}$ hlutar dagpeninga, en $\frac{1}{3}$ hluta dagpeninga ef um opinbera heimsókn var að ræða. Auk þess var þeim greiddur ferða- og gistikostnaður, risnukostnaður og símtöl. Samkvæmt framangreindri töflu í svari við 1.–2. tölul. fór ráðherra í 22 ferðir til útlanda á tímabilinu 2018 til 25. ágúst 2020, þegar eldri reglur nr. 1/2009 voru í gildi. Í öllum þeim ferðum fékk ráðherra greidda $\frac{2}{3}$ hluta dagpeninga, nema í einni opinberri heimsókn árið 2018 en fyrir þá ferð fékk ráðherra greiddan $\frac{1}{3}$ hluta dagpeninga.

4. Hverjar voru árlegar fjárhæðir vegna hótalgistingar ráðherra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar?

Eftirfarandi tafla sýnir árlegar fjárhæðir vegna hótalgistingar ráðherra annars vegar og annan ferðakostnað hins vegar:

Ár	Gistikostnaður	Ferðakostnaður
2018	382.850	731.506
2019	926.576	1.062.397
2020	0	74.810
2021	486.682	419.527
2022	728.625	2.291.356

5. *Í hversu mörgum tilfellum hvert þessara ára var ráðherra ekið út á flugvöll í bifreiðum ráðuneytis og í hve mörgum tilfellum endurgreiddi ráðherra þann hluta dagpeninga sem ætlaður er til að standa undir þeim hluta ferðakostnaðarins?*

Samkvæmt 6. gr. reglna um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra, frá 13. ágúst 2021, sbr. og 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins, nr. 1281/2014, skal ríkið leggja ráðherrum ríkisstjórnarinnar til bifreið vegna starfa sinna og skal bifreiðin vera sérútbúin með öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði. Bifreiðinni skal að jafnaði ekið af sérstökum bifreiðastjóra sem sinnir jafnframt hlutverki öryggisvarðar hlutaðeigandi ráðherra. Af framangreindu leiðir að ráðherra er jafnan ekið til flugvallar í bifreið ráðuneytisins í opinberum erindagjörðum.

6. *Hversu oft og hve háar voru árlegar endurgreiðslur ráðherra vegna styrkja og hvers konar hlunninda sem ráðherra naut erlendis og eiga samkvæmt reglum ferðakostnaðar-nefndar að koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum?*

Samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra, frá 13. ágúst 2021, fær ráðherra greidda dagpeninga vegna fæðis og annars kostnaðar, þ.e. daghluta, í ferðum sínum erlendis. Þá segir í 1. málsl. 9. gr. reglna um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, frá 1. október 2020, að styrkir og hvers konar hlunnindi sem ríkisstarfsmenn njóta meðan á dvöl stendur og dagpeningum er ætlað að standa undir skuli koma til frádráttar dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Í embættisferðum ráðherra erlendis kemur fyrir að hann þiggi hóflegar veitingar sem boðið er upp á af hálfu gestgjafa. Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á umfang þessara veitinga þannig að það hafi leitt til frádráttar á dagpeningagreiðslum ráðherra.

7. *Ef við á, hvenær komst hefð á að leggja sérstakt mat á umfang hlunninda í ferðum ráðherra?*

8. *Ef við á, til hvaða aðgerða hefur verið gripið vegna ofgreiddra dagpeninga áður en farið var að leggja sérstakt mat á umfang hlunninda samkvæmt reglum um ferðakostnað og dagpeninga?*

Á ekki við.